

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1997

17. apríl 1997

493

Nr. 252

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 589, 19. nóvember 1996,
um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

1. gr.

Við 1. gr. bætist málsgrein er orðist svo: Heimilt er þó frá og með 22. apríl 1997 að stunda rækjuveiðar á ofangreindu svæði, enda sé rækjuvarpan búin smárækjuskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar frá 17. apríl 1997, um gerð og búnað smárækjuskilju og Landhelgisgæslunni sé tilkynnt um veiðarnar með þeim hætti sem þar segir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðlögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

17. apríl 1997

Nr. 253

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smárækjuskilju.

1. gr.

Smárækjuskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka rækju eftir stærð í vörpunni, þannig að smárækja skiljist lifandi úr vörpunni. Smárækjuskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef rækjuveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smárækjuskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smárækjuskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.